

Fundargerð

197. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn föstudaginn 8. des. 2017 að Fosshótel Mývatn, Grímsstöðum, Mývatnssveit.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar var borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.

2. Fráveitumál í Mývatnssveit, hugmyndir að nýrri lausn fráveitumála.

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti hugmyndir verkfræðistofunnar Eflu þess efnis að kanna þann möguleika að skilja að svokallað švartvatn og šgrávatn í fráveitukerfum í Mývatnssveit á þann hátt að svartvatn verði leitt í lokað kerfi (lokaðann tank) og flutt til uppgræðslu á Hólasandi í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Grávatn yrði hreinsað á upprunastað. Með slíkri lausn eru möguleikar á að ná tilskyldum árangri á skilvirkan og hagkvæman hátt. Talið er auðvelt að koma slíkri kerfisbreytingu á við allar nýframkvæmdir og stækkanir á húsakosti; en flóknara að breyta eldra húsnaði. Heilbrigðisnefnd tekur jákvætt í þessar hugmyndir.

3. Innleiðing á gagnaskráningarkerfi Matvælastofnunar.

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá heimsókn Matvælastofnunar þar sem til skoðunar var innleiðing á samræmdu og bættu verklagi vegna matvælaeftirlits skv. nýlegri skoðunarhandbók Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og notkun á gagnagrunni Matvælastofnunar til skráningar og eftirfylgni (gagnagrunnurinn Ísleyfur). Stefnt er að því að taka eftirlitsgrunninn Ísleyf í notkun snemma árs 2018 og er Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra eitt þriggja heilbrigðiseftirlitssvæða sem ríða á vaðið varðandi slíka innleiðingu.

Umsagnir:

1. Umsögn um starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir rekstur olúbirgðastöðvar Olúdreifingar ehf, kt. 660695-2069, við Bakkaveg og Hafnarveg 6 á Þórshöfn.
2. Umsögn um starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir rekstur olúbirgðastöðvar Skeljungs h.f. kt. 590269-1749, á Síldarverksmiðjulóð á Raufarhöfn.
3. Umsögn um starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir rekstur olúbirgðastöðvar Olúdreifingar ehf, kt. 660695-2069, Höfða 10, Húsavík.
4. Umsögn um starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir rekstur olúbirgðastöðvar Olúdreifingar ehf, kt. 660695-2069, Krossanesi, Akureyri.

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæðar umsagnir undir lið 1,2,3 og 4.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Sjálfstætt fólk, kt. 711297-2439, umsókn um starfsleyfi fyrir gistiheimili að Aðalstræti 4, 600 Akureyri undir nafninu šPlace to readö. **Samþykkt.**
2. Rekstrarfélag 10-11, kt. 470710-0470, breyting áverslun 10-11 yfir í verslun Iceland, Mýrarvegi, 600 Akureyri. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
3. Bónus, verslun, kt. 450199-3389, Langholti 1, 603 Akureyri, v/stækkunar og breytinga. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**

Önnur mál:

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Lára Halldóra Eiríksdóttir

Þorkell Björnsson

Guðmundur Smári Gunnarsson

Þórey Agnarsdóttir

Kristín Halldórsdóttir

Benedikt Kristjánsson